

66. kirkjuþing 2024-2025

30. mál – þskj. 30a

T I L L A G A

til þingsályktunar um gerð áætlunar um aðgengi fyrir alla.

Flm. Stefán Már Gunnlaugsson og Bryndís Malla Elídóttir

Kirkjuþing 2024 - 2025 samþykkir að unnin verði áætlun um að kirkjur og annað húsnæði þar sem starf þjóðkirkjunnar, stofnana hennar og einstakra safnaða fer fram hafi aðgengi fyrir alla. Áætlunin liggja fyrir vorið 2025 og hún komi til framkvæmdar 2025 - 2028.

Greinargerð.

Aðgengi fyrir alla er lykillinn að því að fólk með margvíslegar skerðingar geti verið fullgildir þátttakendur í samfélaginu. Þetta á jafnt við um fólk með fötlun, eldri borgara og enn fremur vegna tímabundinna aðstæðna vegna t.d. fótbrots, þungunar og þegar fólk er með börn í kerru. Kirkja sem vill þjóna og bjóða fólki til þátttöku í samfélagi kirkjunnar þarf að huga að aðgengi fyrir alla. Er aðgengi fyrir alla um aðaldyr og frátekið stæði í kirkjunni fyrir hjólastóla? Hvernig er salernisaðstaða og bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða? Hvernig er hljóðvist og merkingar?

Á kirkjuþingi 2019 var samþykkt að gerði yrði úttekt á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að kirkjum og öðru húsnæði þar sem starf þjóðkirkjunnar fer fram. Í framhaldinu yrði unnin áætlun um það hvernig bæta megi aðgengi þar sem því er áfátt (26. mál 2019). Kirkjuráð samþykkti að fela fasteignasviði biskupsstofu að annast um framkvæmdina. Úttektin var gerð og lauk 28. ágúst 2019.

Nokkur tími er liðin frá úttektinni og enn hefur ekki verið gerð áætlun um bætt aðgengi. Víða eru mál í góðum farvegi og í þeim tilvikum þarf lítið að gera og án mikils tilkostnaðar. Þau verkefni kæmu til framkvæmda á árunum 2025 - 2026. Á árunum 2026 - 2028 verði ráðist í framkvæmdir sem krefjast meiri undirbúnings. Áætlunin miði að því að þjóðkirkjan verði til fyrirmyndar um aðgengi fyrir alla árið 2029.

Kostnaður vegna áætlunarinnar gæti orðið um kr. 1 millj. Með gerð áætlunarinnar er gerð kostnaðaráætlun vegna framkvæmda á árunum 2025-2028.